

Til: Skipulags- og umhverfisnefndar Langesbyggðar
Efni: Erindi vegna motocrossbrautar í Langesbyggð
Dags: 3. september 2026

Ungmennafélag Langesinga óskar eftir því að Skipulags- og umhverfisnefnd Langesbyggðar taki til umfjöllunar framtíð motocrossbrautar sem staðsett er í sveitarfélaginu ofan við steypustöð. Brautin var útbúin fyrir nokkrum árum en hefur síðustu ár látið verulega á sjá og er nú í þannig ástandi að þörf er á endurbótum og uppbyggingu ef hún á áfram að geta þjónað hlutverki sínu.

UMFL hefur áhuga á að beita sér fyrir því að brautin verði tekin í gegn og gerð að öruggari og betri aðstöðu fyrir motocrossiðkun, sérstaklega fyrir börn og ungmenni á svæðinu. Félagið hyggst kanna möguleika á styrkjum og öðrum fjármögnunarleiðum til að standa straum af nauðsynlegum framkvæmdum og uppbyggingu.

Áður en farið verður lengra með slíka vinnu óskar félagið þó eftir skýru samþykki sveitarfélagsins fyrir því að motocrossbrautin megi áfram vera á núverandi stað og að sveitarfélagið sé jákvætt gagnvart því að hún verði endurbætt og nýtt til framtíðar. Að mati UMFL gæti uppbygging brautarinnar verið jákvætt skref fyrir samfélagið. Hún myndi skapa börnum og ungmennum tækifæri til skipulagðrar íþróttaiðkunar og útivistar á svæðinu og jafnframt stuðla að öruggari og betri aðstöðu fyrir þá sem stunda motocross.

Félagið er tilbúið til samstarfs við Langesbyggð um framtíð brautarinnar, þar með talið um útfærslu, öryggismál, umgengni og þau skilyrði sem sveitarfélagið telur nauðsynleg.

Óskað er eftir því að nefndin taki erindið til umfjöllunar og upplýsi UMFL um hvort sveitarfélagið sé reiðubúið að veita slíkt samþykki og jafnframt hvaða skref þurfi að taka til að hægt verði að hefja undirbúning að endurbótum og fjáröflun vegna verkefnisins.

Virðingarfyllst,

Stjórn UMFL.